


Bið eftir hjúkrunarrými

Samantekt í apríl 2018


Embætti landlæknis ber lögum samkvæmt að hafa eftirlit með heilbrigðisþjónustu, þar á meðal stöðu á biðlistum. Embættið birtir nú samantekt á stöðu á biðlistum eftir varanlegri búsetu í hjúkrunarrými og yfirlit yfir biðtíma þeirra sem fluttust á hjúkrunarheimili á árinu 2017.

Þann 1. janúar 2014 voru 226 einstaklingar á biðlista eftir varanlegri búsetu í hjúkrunarrými. Það jafngildir 6,1 á hverja 1.000 íbúa 67 ára og eldri. Í ársbyrjun 2018 voru 362 á biðlista, eða 8,6 á hverja 1.000 íbúa 67 ára og eldri. Ef fjöldi á biðlista er reiknaður á fjölda íbúa 80 ára og eldri um helmingi fleiri í ársbyrjun 2018 en 2014.



Mynd A. Fjöldi allra einstaklinga á biðlista á hverja 1.000 aldraða íbúa

Á fyrsta ársfjórðungi ársins 2014 höfðu þeir 226 einstaklingar sem fengu hjúkrunarrými beðið að meðaltali 74 daga eftir úthlutun. Helmingur fékk hjúkrunarrými innan 40 daga eftir að hafa fengið vistunarmat. Þeir 255 einstaklingar sem fengu hjúkrunarrými á fyrsta ársfjórðungi 2018 biðu að meðaltali 126 daga. Helmingur fékk hjúkrunarrými innan 90 daga.



Mynd B. Fjöldi sem fékk hjúkrunarrými á hverjum ársfjórðungi og biðtími

Það er áhyggjuefni að biðlistar hafa lengst mikið á undanförunum árum. Biðtími þeirra sem hafa fengið varanlegt hjúkrunarrými það sem af er þessu ári var um 70% lengri að meðaltali en biðtími þeirra sem fengu hjúkrunarrými á fyrsta ársfjórðungi ársins 2014. Embætti landlæknis lýsir yfir áhyggjum af stöðunni og þeim áhrifum sem löng bið eftir hjúkrunarrými getur haft á þá sem bíða eftir rými svo og annars staðar í heilbrigðiskerfinu.

Fjallað er um stöðu á biðlistum og biðtíma á ítarlegri hátt í köflum hér á eftir.

Agnes Gísladóttir, verkefnisstjóri á heilbrigðisupplýsingasviði


Laura Sch. Thorsteinsson, staðgengill sviðsstjóra eftirlits og gæða

Sigríður Egilsdóttir, verkefnisstjóri á sviði eftirlits og gæða

Sigríður Haraldsdóttir, sviðsstjóri heilbrigðisupplýsingasviðs


Biðlisti

Í janúar 2017 voru að meðaltali 303 einstaklingar á biðlista eftir varanlegri búsetu í hjúkrunarrými. Í mars 2018 var að meðaltali 371 einstaklingur á biðlista. Fjölgun á biðlista á landsvísu jafngildir því 21% á undanförunum 15 mánuðum.




Mynd 1. Meðalfjöldi á biðlista eftir mánuðum og heilbrigðisumdæmum

Eins og sjá má á mynd 1 er misjafnt eftir heilbrigðisumdæmum hvernig staðan hefur breyst á undanförunum 15 mánuðum. Mynd 2 sýnir hlutfallslega breytingu í hverju umdæmi. Á Austurlandi fór meðalfjöldi á biðlista úr 16 í janúar 2017 í 11 í mars 2018, sem jafngildir fækkun um 31%. Á Suðurlandi hins vegar jókst fjöldinn um ríflega 90%, úr 12 í 23. Vert er að hafa í huga að litlar breytingar á biðlista geta haft mikil áhrif þegar tölur eru greindar eftir heilbrigðisumdæmum, einkum í minnstu umdæmunum.



Mynd 2. Hlutfallsleg breyting á fjölda á biðlista frá janúar 2017 til mars 2018

Þótt biðlisti eftir hjúkrunarrými hafi lengst hlutfallslega mest á Suðurlandi að undanförunu voru fæstir á biðlista í umdæminu á fyrsta ársfjórðungi ársins 2018 ef tekið er tillit til fjölda íbúa 67 ára og eldri, eða 6,5 á hverja 1.000. Á sama tíma jafngilti fjöldi á biðlista á Norðurlandi 14,1 af hverjum 1.000 íbúum 67 ára og eldri.



Mynd 3. Heildarfjöldi á biðlista á hverja 1.000 íbúa 67 ára og eldri í heilbrigðisumdæminu


Tafla 1 sýnir hve margir einstaklingar 80 ára og eldri voru á biðlista á hverja 1.000 íbúa á sama aldri og af sama kyni í hverju umdæmi. Meðal karla voru hlutfallslega flestir á biðlista á Vestfjörðum og Austurlandi á fyrsta ársfjórðungi ársins 2018. Fæstir biðu hins vegar á Vesturlandi, þrátt fyrir að þeim hafi fjölgað um 100% á milli ársins 2017 og fyrsta ársfjórðungs 2018.

Hjá konum voru hlutfallslega flestar á Norðurlandi á biðlista en fæstar á Vesturlandi og Suðurlandi. Þegar skoðuð er hlutfallsleg breyting á meðalfjölda á biðlista á árinu 2017 og meðalfjölda á biðlista á fyrsta ársfjórðungi 2018 má sjá að eins og hjá körlum hefur biðlisti lengst hlutfallslega mest á Vesturlandi (73%).


Fjöldi á biðlista á hverja 1.000 íbúa 80 ára og eldri	Karlar			Konur		
	2017	2018	Breyting	2017	2018	Breyting
Austurland	28,5	27,9	-2%	36,5	31,7	-13%
Höfuðborgarsvæðið	14,9	18,3	23%	19,5	21,7	11%
Norðurland	23,4	23,1	-1%	44,3	50,0	13%
Suðurland	14,5	14,3	-1%	14,2	17,6	24%
Suðurnes	14,1	17,2	22%	20,4	33,4	64%
Vestfirðir	27,5	28,3	3%	36,0	41,7	16%
Vesturland	5,8	11,6	100%	10,1	17,5	73%

Tafla 1. Fjöldi 80 ára og eldri á biðlista á hverja 1.000 íbúa á sama aldri og af sama kyni í hverju heilbrigðisumdæmi. Tölur fyrir 2017 miðast við meðalfjölda á biðlista yfir allt árið og meðalmannfjölda ársins en tölur fyrir 2018 miðast við meðalfjölda á biðlista á fyrsta ársfjórðungi ársins og mannfjölda 1. janúar 2018.

Myndir 5 a og b sýna þróun fjölda 80 ára og eldri á biðlista frá árinu 2014.




Mynd 5a. Fjöldi karla 80 ára og eldri á biðlista á hverja 1.000 karla 80 ára og eldri í hverju heilbrigðisumdæmi. Miðað er við meðalfjölda á biðlista og meðalmannfjölda ársins fyrir árin 2014 til 2017 en meðalfjölda á biðlista á fyrsta ársfjórðungi 2018 og mannfjölda 1. janúar.



Mynd 5b. Fjöldi kvenna 80 ára og eldri á biðlista á hverjar 1.000 konur 80 ára og eldri í hverju heilbrigðisumdæmi. Miðað er við meðalfjölda á biðlista og meðalmannfjölda ársins fyrir árin 2014 til 2017 en meðalfjölda á biðlista á fyrsta ársfjórðungi 2018 og mannfjölda 1. janúar.


Bið þeirra sem hafa fengið varanlegt hjúkrunarrými

Alls fékk 861 einstaklingur varanlegt hjúkrunarrými á árinu 2017, þar af voru 209 yngri en 80 ára og 652 80 ára eða eldri. Meðalbiðtími allra þessara einstaklinga var 113 dagar, þ.e. frá því að einstaklingur hafði fengið vistunarmat þar til viðkomandi var kominn með hjúkrunarrými. Bið þeirra sem fengu hjúkrunarrými á Norðurlandi var lengst, að meðaltali 184 dagar, en bið var styst á Vesturlandi, 59 dagar að meðaltali.



Mynd 6. Fjöldi og biðtími þeirra sem fengu hjúkrunarrými á árinu 2017

Mynd 7 sýnir bæði meðaltal (súlur) og miðgildi (línur) biðtíma eftir aldurshópi, kyni og heilbrigðisumdæmi. Rétt er að ítreka að í minnstu umdæmunum geta litar breytingar haft mikil áhrif á biðtíma og ber að túlka tölur með það í huga.



Mynd 7. Biðtími þeirra sem fengu hjúkrunarrými á árinu 2017

Það sem af er árinu 2018 hafa 335 einstaklingar fengið varanlegt hjúkrunarrými. Að meðaltali höfðu þeir verið á biðlista í 127 daga áður en þeir fengu rými. Miðgildi biðtíma var 83 dagar. Af þessum 335 hafði 151 beðið lengur en 90 daga og höfðu þeir einstaklingar beðið að meðaltali í 231 dag.

Heimild: Embætti landlæknis, heilbrigðisupplýsingasvið. Færni og heilsumatskrá

Unnið 30. apríl 2018 af AG